



Alþingi

Erindi nr. P 120/1504

komudagur 17/4 1996

## Félag framreiðslumanna

Parabakka 3 – Pósthólf 9376 – 129 Reykjavík – Sími 587 5785 – Fax 587 2175

Reykjavík 16.apríl 1996

Félagsmálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/ 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.**

Óskað hefur verið eftir umsögn Félags framreiðslumanna um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfnni. Svar félagsins er eftirfarandi:

Félag framreiðslumanna mótmælir því harðlega að félagsmálaráðherra og ríkisstjórnin skuli hafa ákveðið að leggja fram á alþingi frumvarp til laga um breytingar á vinnulöggjöfnni og eyðileggja þannig í reynd þær viðræður sem voru í gangi milli aðila vinnumarkaðarins um samskiptareglur á vinnumarkaði og endurskoðun þeirra.

Með frumvarpinu, sem lagt er fram í fullri andstöðu við verkalýðshreyfinguna, er verið að ganga þvert gegn þeim þríhliðasamskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um mótun samskiptareglna á vinnumarkaði sem hér hafa þróast á undanförunum áratugum.

Stjórn Félags framreiðslumanna skorar á félagsmálanefnd að leggja frumvarpið til hliðar og stuðla þannig að því að samtök launafólks og atvinnurekanda gefist tækifæri til þess að semja sín á milli um þær leikreglur sem þeim er ætlað að starfa eftir.

Virðingarfyllt

Fh. Félags framreiðslumanna

Þorsteinn Gunnarsson  
Formaður